



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 7. júlí 2025

MSS24110120

UMSÖGN

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um 2.000 íbúða bráðaaðgerðir á húsnæðismarkaði

Á fundi borgarstjórnar þann 19. nóvember síðastliðinn var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um 2.000 íbúða bráðaaðgerðir á húsnæðismarkaði:

Borgarstjórn samþykkir að ráðast í 2.000 íbúða bráðaaðgerðir á húsnæðismarkaði sem koma skulu til framkvæmda árið 2025. Sjónum verði beint að þegar deiliskipulögðum svæðum, þróunarsvæðum og framtíðarsvæðum í Úlfarsárdal og á Kjalarnesi sem þegar gera ráð fyrir íbúðabyggð samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Jafnframt verði fyrirbyggjandi hugmyndum um þéttingu byggðar í Grafarvogi vísað aftur til átakshóps í húsnæðismálum sem stofnaður var með erindisbréfi 30. janúar 2024. Verði þeim tilmælum beint til átakshópsins að draga verulega úr umfangi uppbyggingarinnar og hafa skýra hliðsjón af byggðarmynstri og staðaranda Grafarvogs við alla tillögugerð. Sjónum verði sérstaklega beint að þróunarreitum sem styrkt geta Staðahverfi og leitt til þess að Korpuskóli verði aftur opnaður.

Tillögunni fylgir greinargerð. Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 5. febrúar sl.

Umsögn:

Tekið er undir markmið tillöguflýtyjenda um mikilvægi þess að bregðast við húsnæðisþörf og stuðla þannig að auknu jafnvægi á húsnæðismarkaði. Reykjavíkurborg hefur þegar sett sér metnaðarfull markmið um uppbyggingu allt að 16.000 nýrra íbúða á næstu 10 árum og tekur undir mikilvægi þess að hraða uppbyggingu þar sem því verður við komið og í samræmi við heildarstefnu borgarinnar.

Þau svæði sem nefnd eru í tillögunni, þar á meðal Úlfarsárdalur, Kjalarnes og Grafarvogur, eru nú þegar hluti af samþykktri húsnæðisáætlun og mörg verkefna eru annað hvort komin í framkvæmd, í undirbúningi eða þegar skipulögð. Þá er einnig hafin umfangsmikil uppbygging í Ártúnshöfða, við Halla og víðar innan borgarinnar, í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og markmið gildandi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem var undirritað í nóvember 2021 af borgarstjóra Reykjavíkur ásamt öllum bæjarstjórum nágrannasveitarfélaga.

Áherslur borgarinnar í húsnæðismálum fela í sér sjálfbæra borgarþróun þar sem vistvænar samgöngur meðfram borgarlínuás, blöndun byggðar og vönduð hönnun eru í forgrunni. Þá er sérstaklega horft til húsnæðisþarfa ungs fólks, fyrstu kaupenda og



Reykjavík



tekjulægri hópa með auknu framboði á leiguíbúðum og búseturéttaríbúðum í eigu óhagnaðardriffinna aðila. Mikilvægt er að áframhaldandi ákvarðanir taki mið af þessari heildarstefnu, staðbundnum aðstæðum og gæðum íbúðarbyggðar. Reykjavíkurborg er nú þegar í nánú samstarfi við ríki, lífeyrissjóði, verkalýðshreyfingu og óhagnaðardriffin húsnaðisfélög og mun áfram vinna að lausnum sem byggja á vönduðum áætlanagrunni og sjálfbærri borgarþróun. Þetta er einnig meginstef Húsnaðisáætlunar Reykjavíkur 2025-2034. Því er ekki talin þörf á sérstökum bráðaaðgerðum á húsnaðismarkaði eins og tillagan felur í sér.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík